

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Bergþórugerði, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. júní 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð norðan Hvolsvallar. Með breytingunni er verið að fjölga íbúðum úr 40 í 84. Gert er ráð fyrir 46 íbúðum í tveggja hæða fjölbýlishúsum með risi, 5 íbúðum í þremur parhúsum með risi og 22 íbúðum í einbýlishúsum, þar af þremur á tveimur hæðum með risi og 10 íbúðum í tveggja hæða raðhúsum með risi. Hámarksmænishæð er 7,5 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Álftavatn, nýtt deiliskipulag.

Bygðarráð Rangárþings eystra samþykkti 18. júlí 2024 tillögu að nýju deiliskipulagi að Álftavatni, L198192. Deiliskipulagið tekur til tveggja byggingarreita, B1 og B2 í landi Álftavatns, L198192. Á byggingarreit B1 verður heimild fyrir 300 m² íbúðarhúsi, 500 m² hesthúsi og 500 m² skemmu. Hámarkshæð mænis verður allt að 8 m. Á byggingarreit B2 verður heimilt að byggja sex 80 m² gestahús og hámarksmænishæð verður 5 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Barkarstaðir, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. júní 2024 tillögu að nýju deiliskipulagi úr landi Barkarstaða. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annars vegar 3.000 m² hótélbyggingu fyrir 75 gesti og 1.000 m² starfsmannahús með möguleika á fastri búsetu. Hótélbyggingin skal vera á tveimur hæðum eða allt að 11 m mænishæð, miðað við gólfkóta jarðhæðar. Starfsmannahúsin verða á tveimur hæðum og mænishæð allt að 7 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 16. ágúst 2024.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 21. ágúst 2024